



MINNISBLAÐ

13. desember 2019

Málefni: Lækningaminjasafn Seltjarnarnesi - athugun fyrir Náttúruminjasafn Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur óskað eftir að FSR meti kostnað við að ljúka við byggingu Lækningaminjasafns á Seltjarnarnesi þannig að það komist í það horf að Náttúruminjasafn Íslands (NMSÍ) geti flutt inn með starfsemi og sett upp sýningu.

Árið 2016 vann FSR, fyrir Fjármála- og efnahagsráðuneytið, mat á húsnæðinu til að ljúka því svo það uppfyllti kröfur Listasafn Íslands um sýningarhald. Minnisblað þetta byggir að mestu á því minnisblaði og þeim athugunum sem þá voru gerðar en hafa verið uppfærðar til núverandi stöðu og verðlags. Óvissa er þó um hvort Náttúruminjasafn þurfi að hafa sýningaraðstöðu á neðri hæðinni en slíkt kallar á að gera þarf mun betri og aðgengilegri aðkomu fyrir hreyfihamlaðra að sýningarrýmum í kjallara og að koma þarf fyrir fólkslyftu á heppilegri stað sem og betri neyðarútgangi. Á sama hátt er óvissa um hvort Náttúruminjasafn þurfi aðkomu fyrir stóra hluti að geymslurýmum í kjallara sem kallar á nýja aðkomu að kjallara.

Staða framkvæmda.

Staða á húsi Lækningaminjasafns við Nesstofu á Seltjarnarnesi er þannig að það telst fokhelt skv. skilgreiningu. Húsið er uppsteipt og lokað og ytra útlit er langt komið eins og það var hannað en að innan hefur lítið verið gert. Lóð hússins er ófrágengin, gróffyllt er að húsinu en sæmilega aðgengilegt að inngangi. Einhverjir lekar eru á húsinu en að mestu leyti er það þétt.

Stærðir og byggingarefni

Húsið er alls 1.362,7 m² og 6.267,6 m³. Húsið er steinsteypt tveggja hæða hús með flötu þaki klæddu torfi og hellum. Hluti veggja utanhúss eru sjónsteypuveggir en aðrir veggir einangraðir að utan og klæddir timburklæðningu. Neðri hæð hússins er öll neðanjarðar og telst kjallari. Efri hæðin er á jarðhæð. Kjallarinn er undir hluta jarðhæðar. Góð lofthæð er í húsinu og er salarhæð kjallara (plata á plötu) 4,5 m en salarhæð efri hæðar er frá 3,3 til 5,6 m.

Burðarvirki hússins er steipt og eru steiptir burðarveggir innandyra sem halda gólf- og loftaplötum. Þeir eru tiltölulega fáir og staðsettir þannig að rými hússins geta verið tiltölulega stór því plötur eru að mestu forsteyptar holplötur með ásteypulagi sem spanna yfir löng höf. Þeir milliveggir sem verða settir geta því verið léttbyggðir veggir.

Hentugleiki fyrir safn/sýningu

Húsnæðið hentar ágætlega til safns og sýningarhalds. Húsið hefur góða lofthæð og rými geta verið stór og henta þannig vel til sýningarhalds. Þá spillir ekki fyrir vísýnið og ósnortna náttúran við húsið.

Ef sýningaraðstaða á að vera á neðri hæðinni þarf að gera mun betri og aðgengilegri neyðarútgang en gerður hefur verið þar sem einungis var þar gert ráð fyrir geymslum og umsýslu muna og eingöngu fáum starfsmönnum.

Mjög kostnaðarsamt yrði að gera innkeyrslu að kjallara þar sem lofthæð er 4,5 m undir núverandi yfirborði. Yrði slík niðurkeyrsla mjög áberandi og myndi raska mjög hinu ósnortna umhverfi hússins. Því er ekki mælt með að gera slíka niðurkeyrslu. Til að auðvelda aðgengi stærri muna að kjallara hússins er fýsilegur kostur að breyta núverandi

lyfturými og setja þar vörulyftu með aðkomu úr yfirbyggðu skýli sem byggt yrði í stíl hússins. Samhliða þarf að stytta steipta vegg andspænis vörulyftu til að rýmka aðkomu að lyftunni. Það kallar einnig á færslu votrýma í kjallara. Steiptur veggur andspænis lyftu er burðarveggur undir loftaplötu og þarf hann að breytast í súlur og bita. Til að tryggja aðkomu hreyfihamlaðra að sýningarrýmum í kjallara þarf að koma fyrir fólkslyftu á öðrum heppilegum stað.

Áætlaður kostnaður.

Áætlaður kostnaður við að ljúka byggingu hússins skv. núverandi teikningum er áætlaður 650 mkr. með vökmörkum -10% til +15% á núgildandi verðlagi. Kostnaður þessi er áætlaður um 56% heildarkostnaðar hússins án laus búnaðar.

Áætlaður viðbótarkostnaður ef kjallarinn verður notaður sem sýningarrými gæti verið nálagt 100 mkr. Viðbótarkostnaðurinn felst í:

- Yfirbyggðu skýli fyrir móttöku muna
- Stækkun neyðarútgangs í kjallara
- Breytingum vegna vörulyftu
- Nýrri fólkslyftu
- Breytingu á steytum veggjum í kjallara og á jarðhæð
- Færslu votrýma í kjallara
- Sýningarkerfi og aukin loftræsing í kjallara

Hönnun hússins er frá árinu 2007 og um er að ræða nokkuð dýrar útfærslur í mörgum verkþáttum. Verði ákveðið að halda áfram og ljúka húsinu eru vissulega tækifæri til einföldunar og sparnaðar og því nauðsyn að rýna þá verkþætti sem á eftir að framkvæmda með tilliti til sparnaðar.

Tími

Áætlaður tími til að ljúka við húsið er alls 22 mánuðir sem skiptist í 4-6 mánuði í undirbúning, breytingar á hönnun og útboð, 14-16 mánuði í framkvæmdir á verkstað og auk þess má gera ráð fyrir 2 mánuðum í viðtökuprófanir og lokafrágang þannig að húsið geti talist tilbúið til nokunar. Tekið er mið af því að farið verði í endurskoðun á hönnun hússins með tilliti til sparnaðar og breytinga sem taldar eru nauðsynlegar til að húsið geti þjónað hlutverki sínu.

Niðurstöður.

Húsið er talið henta fyrir þá starfsemi sem fellur undir safnastarfsemi.

Áætlaður kostnaður við að ljúka húsinu miðað við núverandi teikningar er 650 mkr. með -10% til +15% vökmörkum

Viðbótarkostnaður vegna notkunar á kjallara sem sýningarrými 100 mkr.

Gera má ráð fyrir að það taki allt að 22 mánuði að gera húsið tilbúið til notkunar.

Virðingarfyllst

f. h. Framkvæmdasýslu ríkisins

Sigurður Norðdahl og Ármann Óskar Sigurðsson.

Dreifing:

Rúnar Leifsson Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Guðrún Ingvarsdóttir forstjóri FSR